

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2021

2024/EES/5/35

frá 19. mars 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/420 frá 16. mars 2020 um leiðréttingu á þýskri útgáfu reglugerðar (ESB) 2016/919 um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfin „stjórn- og merkjakerfi“ í járnbrautakerfi Evrópusambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 37i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/919) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

... breytt með:

- **32020 R 0420:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/420 frá 16. mars 2020 (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/420, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.